



Alþingi
Erindi nr. P 143/910
komudagur 9.12.2013

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.
B.t. Ögmundar Jónassonar form.

Reykjavík, 9. des. 2013.

Vísað er til tölvupóst frá nefndarritara stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 5. des. sl., þar sem óskað er svara við spurningum frá nefndinni varðandi störf vinnuhóps sem yfirstjórn skrifstofunnar fól að fjalla um hugsanlega notkun Alþingis á samfélagsmiðlum.

1. Nefndin var skipuð fyrri hluta árs 2013. Nefndinni var falið að meta og skila skýrslu um hvort Alþingi eigi að koma sér upp „facebook-síðu“ auk þess sem nefndinni var ætlað að fjalla um aðra samfélagsmiðla.

2. Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir starfsmenn skrifstofunnar: Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrifstofustjóri, (form.), Guðný Ragnarsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, Hildur Gróa Gunnarsdóttir ritstjóri vefs Alþingis, Ingvi Stígsson verkefnastjóri, Sigrún Brynja Einarsdóttir forstöðumaður, Solveig K. Jónsdóttir forstöðumaður og Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri. Nefndin þiggur ekki þóknun fyrir störf frekar en aðrir vinnuhópar innan skrifstofunnar.

3. Unnið hefur verið að athugun á ýmsum þáttum málsins á árinu en meginvinna nefndarinnar hefur verið á haustþinginu.

4. Nefndin gerir ráð fyrir að ljúka störfum fyrri hluta árs 2014, en það er síðan forsætisnefndar að taka ákvörðun um framhald málsins.

Helgi Bernóðusson
skrifstofustjóri Alþingis